

Siðferði og fagmennska

E-702-SIFA



Ár: 1. ár

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: Engir.

Kennari: María Kristín Jónsdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson og Baldur Heiðar Sigurðsson.

Lýsing: Þetta námskeið undirbýr nemendur undir að starfa faglega og siðferðilega sem sálfræðingar og á sviði hagnýtrar atferlisgreiningar. Nemendur læra um grundvallaratriði þess að tryggja ætíð faglega og siðferðilega hegðun, ábyrgð og ástundun bestu starfsvenja. Á námskeiðinu er m.a. fjallað um batamiðaða nálgun í geðheilbrigðisþjónustu (recovery approach to mental health), um tengsl við skjólstæðinga og samstarfsfólk, samstarf við annað fagfólk, vöktun og mat atferlisbreytinga, faglega framkomu (þ.m.t. á sviði atferlisgreiningar), miðlun faglegra gilda og menningarlegan fjölbreytileika.

Með áherslu á faglegt starf á Íslandi eru Siðareglur sálfræðinga á Norðurlöndum (1998, endurbætt þýðing 2012) skoðaðar í smáatriðum. Til viðbótar þurfa nemendur að vera kunnugir siðferðilegum og faglegum viðmiðunarreglum helstu alþjóðlegu fagaðila á sviði sálfræði og hagnýtrar atferlisgreiningar, þ.m.t. siðareglur Bandaríska sálfræðifélagsins (American Psychological Association), Breska sálfræðifélagsins (British Psychological Society) og Vottunarnefndar atferlisfræðinga (Behaviour Analyst Certification Board). Námsefninu er miðlað gegnum lesefni, fyrirlestra, umræður í tíma og raundæmi (case studies). Kynnt verða lög og reglugerðir sem gilda um störf sálfræðinga á Íslandi. Þá verður fjallað um Persónuvernd og Vísindasiðanefnd, löggin sem þessar nefndir starfa eftir og skilyrði þess að fá leyfi til að gera rannsóknir á sviði sálfræði og hagnýtrar atferlisgreiningar á Íslandi.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að:

- Sýnt fram á þekkingu á bestu starfsvenjum í faglegri og siðferðilegri hegðun og geta fundið ásættanlegar lausnir á siðferðilegum og faglegum álitamálum sem koma upp í störfum sálfræðinga og við hagnýta atferlisgreiningu
- Sýnt fram á nákvæma þekkingu á siðferðilegum og faglegum viðmiðunarreglum helstu fagaðila á sviði sálfræði og hagnýtrar atferlisgreiningar, þ.m.t. samnorrænum siðareglum sálfræðinga, siðareglum Vottunarnefndar atferlisfræðinga, Bandaríska og Breska sálfræðifélagsins
- Sýnt fram á þekkingu á grundvallaratriðum batamiðaðrar nálgunar í geðheilbrigðisþjónustu (recovery approach in mental health)
- Sýnt fram á þekkingu á því hvaða lög og reglugerðir gilda um störf sálfræðinga á Íslandi, s.s. lög um sjúkraskrár, tilkynningaskyldu, þagnarákvæði, o.fl.

MSc í klínískri sálfræði
Háskólinn í Reykjavík

- Sýnt fram þekkingu á störfum Persónuverndar og Vísindasiðanefndar og á skilyrðum þess að gera framkvæmt rannsóknir á Íslandi á sviði sálfræði og hagnýtrar atferlisgreiningar

Námsmat: Námsmatið er þrískipt, verkefni, frammistaða í umræðutímum og verklegt (munnlegt) próf í lok annar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6